

Nd.

186. Frumvarp

til laga um viðauka við lög 14. desbr. 1877 nr. 28 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og lög 10. nóvbr. 1905 nr. 53 um viðauka við nefnd lög.

Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.

Lög 14. desbr. 1877 nr. 28 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, lög 10. nóvbr. 1905 nr. 53 um viðauka við hin sömu lög, og samþýktir samkvæmt lögum þessum, skulu einnig ná til þiljaðra mótorbáta, sem ganga í Vestmannaeyjum og eru ekki stærri en nemi 15 smálestum.